



CQ TF



4. tölublað 15. árgangur september 1997

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíófróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíó meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1997-1998 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varamaður:

Sveinbjörn Jónsson TF3VET

Ritari:

Ársæll Óskarsson TF3AOT

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:


Ásbjörn Harðarson TF3LA

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson

Búralegt loftnet.

Á myndinni hér til hliðar má vonandi sjá loftnetið fyrir endurvarpann Búra. Loftnetið er 3-4 metra stöng með 9 db mögnun. Þessi möstur, sem eru uppi á Búrfelli, eru í eigu Landsvirkjunar, sem leyfði okkur góðfúslega að setja Búra þarna upp og kunnunum við þeim bestu þakkir fyrir. Myndina tók TF3AOT



Meðal efnis í þessu blaði:

Frá formanni	2
Molar	3
Haustáætlun ÍRA 1997	4
Fundargerðir stjórnarfunda	4
TF50IRA QSL kort	5
Sloping-Vee	6
Fréttir af Búra	7
Með skýjavír að vopni	9
Úr ýmsum áttum	11
Þekkir einhver mennina	12

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Frá formanni

Núna þegar sumri hallar og tilraunum með loftnet er lokið og við hlökkum til fjarskipta vetrarins, ættum við að láta hugan reika til ÍRA. Þurfum við að vera rembast við að halda úti félagi eins og ÍRA? Því miður er það þannig að félagsmenn hafa ekki verið eins áhugasamir um mætingar á fimmtudagskvöldum í Þróttheimum eins og æskilegt hefði verið.

Ekki held ég að við ætlumst til að félagið verði bara einhverskonar “afgreiðslu” félag sem sjái um samskipti við P&S H.F. og önnur félög. En við verum að halda vöku okkar í sambandi við tíðnimál en þess gætir í frekari mæli erlendis að reynt er að þrengja kost okkar í þessum efnun. Líklega getur þessa farið að gæta hér á landi innan tíðar.

Við verðum að snúa vörn í sókn og fara að gera kröfur um útvíkkun á okkar bandplani t.d., hvað með 7 Mhz Region 2 hefur frá 7.000 til 7300 Mhz.

Mæting á vallardaga varð mjög léleg þannig að þeir féllu niður, TF3VET og TF3TXT nýttu sér hins vegar boð Kristjáns TF3KB um að koma að Gufuskálum til að skoða nýjan langbylgjusendi RÚV og fannst þeim mikið til koma. Við þökkum Kristjáni fyrir að hafa boðið okkur að koma og kannski fáum við annað tækifæri!!

Nú er u.þ.b. eitt ár frá því að loftnetið var sett upp í Þróttheimum en sára fáir hafa nýtt sér þessa aðstöðu, ekki einu sinni þeir sem gagnrýndu hvað mest seinagang í því að koma upp sæmilegri aðstöðu fyrir “HF menn” hafa ekki komið til að skoða. Vitanlega er nokkuð til í því sem sumir hafa sagt við mig að aðgengi okkar að félagsmiðstöðinni sé ekki nógu gott, t.d. höfum við ekki lykla til þess að koma þarna þegar okkur hentar, en því er til að svara að ef við gerum viðvart um að við viljum nota stöðina þá hefur aðgengi okkar ekki verið neitt vandamál og hefur Björgvin forstöðumaður Þróttheima reynt að vera okkur innan handar á allan þann hátt sem hann hefur getað. Vonandi verða fleiri til að notafæra sér þessa aðstöðu okkar nú í vetur.

Ég fór á fund hjá ÍTR og lýsti vandræðum okkar varðandi húsnæði og þar var mér tjáð að þeir væru allir af vilja gerðir til þess að leysa það mál, bæri reyndar skylda til þess. Þannig að nú ættum við að horfa í kringum okkur eftir hentugu húsnæði. Sú

hugmynd hefur komið upp á yfirborðið að við ættum að leita eftir samstarfi við önnur lítil félög og setja fram sameiginlegar óskir við ÍTR. Slíkt samstarf finnst mér ekki fráleitt. Einnig hefi ég heyrt tillögur um hvort ekki væri hægt að fara sömu leið og Sportkafarafélagið gerði en þeir byggðu “Sumarbústað” í Nauthólsvík en þar er nokkuð landrými fyrir slíkt hús. Vafalaust mætti setja þar upp 10 metra háan turn því ekki eru húsin í flugstefnu. Byggingarkostnaður yrði líklega upp á 2

milljónir, færi eftir því hversu mikið við verðum tilbúnir að leggja fram sjálfir í vinnu. Getum við sótt í einhverja sjóði? Eini stóri gallin er sá að vagnar frá SVR ganga ekki þangað þannig að ef ÍRA ætlar sér að taka upp kynningar og kennslustarf fyrir unga radíóamatöra verður það vandamál. Í stjórn ÍRA hefur verið rætt nokkuð um að útbúa kennsluefni fyrir radíóamatöra á íslensku. Vonandi verður ekki langt í það, að við getum haldið námskeið með íslensku námsefni.

Við félagið hafði samband Ólafur Finnbogason bróðir Sigurðar heitins TF3SF en hann hafði látið eftir sig ýmislegt að gömlu “dóti”. Ég fór að heimili Sigurðar ásamt TF3AOT. Í byrjun sept ætlum við síðan að bjóða félögunum upp á að þeir geti komið og fengið þetta gamla “dót”. Þarna var um að ræða mælitæki og ýmsa íhluti notaða og nýja.

Haustáætlun ÍRA 1997 fylgir hér með. Vonandi finnur þú eitthvað við hæfi og mætir í Þróttheima.

73 de TF5HP



Molar

ELMER !!

Eitt af þeim efnisatriðum sem síðasta ráðstefna radióamatöra í Israel lagði til við aðildarfélög sín var að auka þjónustu við fatlaða og gera þeim auðveldara að gerast radióamatörar. Gætum við hér á TF-landi ekki gert eitthvað í þessa átt.? Ég hef heyrt að Noregur hafi það þannig að fötluðum er gert mögulegt að fá "reynsluleyfi" til tveggja ára án þess að taka próf en innan þess tíma verða viðkomandi aðilar að taka sín próf eins og aðrir. og í flestum tilfellum hafa þetta fólk orðið mjög góðir amatörar. Ættum við ekki að reyna? Ég geri mér vitanlega ljóst að til þess að gerast ELMER þarf helling af tíma og þolinmæði (nokkra klukkutíma á viku) en þetta gæti verið gott verkefni fyrir hina eldri félagana sem eru hættir að nenna að eltast við "DX" og geta þannig opnað fyrir öðrum hversu skemmtilegt þetta tómstundargaman okkar er.

73 de TF3HP

Reglugerð um radióamatöra

Nú eftir að Póstur & Sími hefur verið gerður að háeffi hafa þær raddir gerst ákveðnari sem hafa spurt hvort ekki sé rétt að stjórn ÍRA hefji viðræður um þessi mál og kanni hvernig okkar réttindi standa og hvort við getum átt von á breytingum á reglugerðinni. T.d verður leyfisveitingin rímkuð? Morse kröfur minnkaðar.? En eins og við vitum eykst fylgi við þær hugmyndir að Morsekröfur til amatöraprófs verði minnkaðar eða jafnvel aflagðar með öllu. Persónulega finnst mér ekki koma til greina að sleppa morse hlutanum en kannski mætti minnka vægið t.d fyrir A-próf eitthvað minni hraði t.d. 45-50 stafir á mínútu en lengja tímann upp í eitt ár í stað 6 mánuða en þannig geta menn fengið tilfinningu fyrir því að morse er ekki bara kvöð sem hægt er að bíða af sér, heldur skemmtilegur samtalsmáti, gæti verkað kvetjandi sem stökkpallur fyrir þá T-leyfishafa sem áhuga hafa á á að auka við sín réttindi sem amatörar. Á meðan aðrir hafa engan áhuga á því að læra morse en gætu hinsvegar haft áhuga á 10 metrum vegna sambanda um gerfihnetti, en í dag er það ekki möguleiki fyrir T-leyfishafa að nota 10 metra sambönd.

Nú í sumar hefur nokkuð borið á því að hér hafa

verið amatörar frá EES löndum og verið á fullu án þess að við höfun haft nokkra tölu á þeim enda hafa þeir enga tilkynningarskyldu við okkur áður en þeir koma hingað. Aðeins þurft að veifa CEPT skírteininu. Við getum líka gert þetta í Evrópu !! Öllu verra er þegar þessir amatörar koma og ætla að vera á 6 metrum eins og ekkert sé. En eins og staðan er í dag erum við aðeins á undanþágu til þess að nota þetta tíðnisvið, og meigum ekki vera á öllum kallsvæðum t.d. Breiðafirði. Oftast fréttum við af þeim á "dx news cluster" á alnetinu og fór talsverður tími í að finna þá og úskýra fyrir þeim hvernig þessu væri háttað hjá okkur.

73 de TF3HP

Tækjaskrá

Eru nokkur tæki félagsins í þinni vörslu? Stjórn ÍRA leitar að tækjum og búnaði, til þess að geta gert tæmandi tækjaskrá yfir eigur félagsins. Vinsamlegast láttu Guðjón gjaldkera vita. ef þú lumar á einhverju.

73 de TF3HP

Félagsgjöld

**Vinsamlegast greiðið
félagsgjöldin sem fyrst.**

DX ala TF3GC

Þar sem ég er aðallega á 20 metrunum hef ég fylgst nokkuð vel með hvað er að gerast þar. Meðal sjaldgæfra stöðva sem ég hef náð má sjá hér:

Dags.	Kallmerki	Land	RS	RS	Kl.
06.08.97	AP2JZB	Pakistan	59	59	17.31
06.08.97	BY2HIT	Kína	59	59	15.54
07.08.97	VU3NWZ	Indland	58	58	18.32
09.08.97	8P9HA	Barbados	57	57	22.47
12.08.97	J88AG	St.Vincent	58	58	22.00
13.08.97	5H3HG	Tanzania	59	59	17.40

Þetta sýnir að bandið er ekki alveg dautt.

"Drottinn minn gefðu dánur ró og hinum líkin sem lifa"

73's de TF3GC

Haustáætlun ÍRA 1997

Fimmtudagur. 4.9: Video kvöld í Þróttheimum.
Sýnd mynd frá DX ferð til Hördeyju.

Fimmtudagur. 25.9: Kynningarfundur.

Á þessum fundum sem verða haldnir síðustu fimmtudagana í hverjum mánuði munu háttsettir menn innan fjarskiptageirans kynna fyrir félagsmönnum, það helsta sem er að gerast í fjarskiptamálum. Auk þess sem mönnum gefst gullið tækifæri til að leggja fram spurningar um málefni sem snúa að áhugamáli okkar.

Laugardagur. 4.10: Refaveiðar.

Menn koma saman við Þróttheima kl. 1300. Þeir sem ekki hafa refaveiðtæki geta fengið lánað tæki á staðnum. Fyrir þá sem gaman þykir að smíða eða modda tæki fyrir veiðarnar þá mun refurinn sennilega gagga á 80 m. Smá viðurkenning verður veitt þeim sem fystur finnur grenið hans rebba. Nú verða allir með, frá 0 til 100 og frá A til T

Laugardagur. 11.10: Félagsfundur.

Efni fundarins verður kynnt með sérstöku fundarboði sem mun berast tímanlega fyrir fundinn.

Fimmtudagur. 30.10: Kynningarfundur.

Laugardagur. 1.11: Skoðunarferð.

Á félagsfundinum 11 okt. er stemmt að endanlegri ákvörðun um hvert skal halda í skoðunarferð þetta árið. Ef einhverjar óskir eru um staði sem gaman væri að skoða, þá væri gott að láta stjórnina vita um þá staði. Hún mun síðan leggja bestu tilögurnar fyrir félagsfund

Fimmtudagur. 6.11: Video kvöld.

Ekki er vitað hvaða myndir verða sýndar, en ef menn luma á góðum myndum sem tengjast amatörradíói eða fjarskiptum. Þá endilega hafið samband við stjórn.

Fimmtudagur. 27.11: Kynningarfundur.

Það verður opið hús alla fimmtudaga í vetur eins og hefur verið nema þá að þeir lendi á stórum helgidögum. Sem sagt lokað fimmtudagana 25/12 og 1/1 98. QSL þjónustan er alltaf opin á meðan einhver starfsmaður Þróttheima er á staðnum og svo er mönnum frjálst að nota klúbbsstöð félagsins og loftneta aðstöðu, til contesta og eða skeda, en þá er betra að panta tíma hjá forstöðumanni Þróttheima í tíma.

73 de Stjórn ÍRA

Fundargerðir stj. funda

Úrdráttur úr stjórnarfundargerð 2. júlí 1997.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3VET og hófst hann kl. 20.30. Mættir voru TF3VET, TF3GB, TF3AOT og TF3HP.

TF3AOT sagði frá því að hann hefði haft samband við TF5BW og hann myndi ganga frá CQ TF blaði fyrir útileikana sem haldnir eru um verslunarmannahelgina. Þá minntist AOT á það að hann hefði minnst á það við TF3FK og TF3GC að fylgjast með sjaldgæfum kallmerkjum í loftinu, svo koma mætti frétt um DX í CQ TF í haust. TF3VET lagði til að slökkt yrði á "Páli" þar sem hann dreifir geislum sínum í "allar áttir". Það er þá átt við óæskilega útgeislun.

TF3HP spurði TF3GB hvort hann myndi eftir því hvenær sú hefð hefði orðið að erlendir amatórar fengju aðeins B-leyfi, þó þeirra heimaleyfi leyfði meira. TF3GB taldi að hann ætti eitthvað skriflegt um þetta og ætlar að finna þau gögn.

TF3VET sagði að endurskoða þyrfti reglugerð um radíóamatöra og best væri að frumkvæðið að því kæmi frá okkur. Til að hægt sé að gera svo þyrftum við að kynna okkur hvernig þessum reglum er háttað í nágrannalöndum okkar.

TF3AOT minntist á að Fjarskiptaeftirlit Ríkisins hefði neitað að halda A-próf fyrir einn aðila, þeir vildu að a.m.k. 3 óskuðu eftir prófi.

Minnst var á að heldur þótti lélegt hvernig félagarnir tóku "Vallardegnum". VET lagði til að næsta "fiasco" yrði ferð til Gufuskála. HP sagði að kannski væri ósk félaganna að stjórn félagsins yrði eins konar "afgreiðslustjórn".

Fundi slitið kl. 22:30.

Fundargerð ritaði TF3AOT

Úrdráttur úr fundargerð 13.ágúst 1997.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3HP og hófst hann kl. 20.30. Mættir voru TF3HP, TF3VET, TF3AOT, TF3GB og TF3WOT.

TF3VET spurði hvort við vissum hvaða breytingar hefðu orðið á starfsemi Fjarskiptaeftirlitsins. TF3AOT sagði frá því að við hefðum ekki fengið bókstaf um þessar breytingar.

TF3HP sagði frá því að áætlað væri að næsta blað af CQ TF kæmi út í byrjun september. Sýndi hann stjórn bréf frá sér persónulega, sem hann ætlaði að

setja í blaðið.

TF3HP spurði TF3WOT hvernig gengi með innheimtu félagsgjalda. Vegna fjarveru úr bænum hafði Guðjón ekki farið nýlega yfir það, en sagðist gera það fljótlega. Talað var um að skoða þyrfti hverjir skulduðu gömul árgjöld, og þá ætti að skrifa þeim bréf varðandi þau mál. Þá var minnst á að búa þyrfti til lista yfir tækjæign félagsins og hvaða tæki væru í láni og hvar þau væru.

TF3HP hafði rætt við TF3AC í síma og bar meðal annars á góma stofnun félagsins. Taldi Guðjón, TF3AC, að hann ætti einhvers staðar gögn um þetta mál og mætti örugglega skrifa grein um þessi mál. Varðandi endurvarpa á Vaðlaheiði sagði TF3WOT frá því að gott væri að setja upp loftnet og leggja kapal í rör í jörð áður en snjóar og frost hömluðu þeirri framkvæmd.

Varðandi Búra þá hafa komið upp margar tilgátur hvað orsakar lasleika hans. Lagði TF3HP til að kallaður yrði saman fundur með TF3LJ, GW, HKT, DX, GG, WST og þeim fleirum sem hugsanlega gætu komið að liði við lagfæringu á "sjúklingnum". TF3HP talaði um hvað ætti að gera til að útbúa kennslufni á íslensku. Ennþá er ekki komin niðurstaða úr því hvort við eigum að ráðast í þýðingu á sænska bæklingnum. Afráðið að fá TF3HKT til að meta hvort sá sænski sé fullboðlegur til þýðingar. TF3HP sagði frá að Jón Þóroddur, TF3JA, væri tilbúinn til að halda fyrirlestur á fimmtudagskvöldi í haust. Var gert að tillögu að hann yrði á dagskrá í október.

Þá kom fram að TF3DX hefði í láni myndbands-spólu um leiðangurinn til Heard Island, VK0IR. Ráðgert er að halda myndakvöld fimmtudagskvöldið 4. september þar sem þessi spóla yrði sýnd. TF3HP beindi því til TF3AOT að hann skrifaði bréf til Fjarskiptaeftirlitsins og bæði um að haldið yrði A/T próf fyrir 4 menn.

Fundi var slitið kl. 23:25

Fundargerð ritaði TF3AOT.

World Scout Frequencies:		
Band	SSB(phone)	CW(morse)
80 m	3.740 & 3.940 MHz	3.590 MHz
40 m	7.090 MHz	7.030 MHz
20 m	14.290 MHz	14.070 MHz
17 m	18.140 MHz	18.080 MHz
15 m	21.360 MHz	21.140 MHz
12 m	24.960 MHz	24.910 MHz
10 m	28.990 MHz	28.190 MHz

TF50IRA QSL kort

Greetings from Iceland

CQ ZONE 40

TF50IRA

Icelandic Amateur Radio Association
50'th anniversary special call-sign.



I.R.A. Bureau:
P.O. Box 1058
IS-121 Reykjavík,
ICELAND

SYNISHORN

URL: www.ira.is/~ve/ira

Eins og allir vita varð Í.R.A. fimmtíu ára á síðasta ári. Af því tilefni var kallmerkið TF50IRA notað um tíma.

Sveinbjörn TF3VET hefur hannað glæsilegt QSL kort fyrir kallmerkið og var tillaga hans samþykkt á síðasta stjórnarfundum. Kortið, sem er í fánalitunum og með ÍRA merkið svart, verður prentað í takmörkuðu upplagi. Ákveðið var að senda ekki kort til allra þeirra er höfðu samband við stöðina heldur einungis til þeirra sem sendu kort til okkar. Sýnishorn af kortinu er hér fyrir ofan.

Skrýtin skilyrði

Á miðvikdaginn, 13. ágúst varð ég var við mjög skrítn skilyrði á 20 m. bandinu. Ég var í QSO þegar ég heyrði í sjálfum mér nokkrum sekúndum eftir að ég hætti að senda. Ég hélt nú að það væri eitthvað bilað hjá mér, en seinna komst ég að því, með því að hlusta á tvo Dani tala saman, að þeir voru að tala um það nákvæmlega sama og hafði komið fyrir hjá mér. Þeir kölluðu þetta, eftir því sem ég náði best "LV reach echo". Gaman væri nú að fá skýringu á þessu fyrirbæri af fróðum mönnum.

73 TF3GC

(ekki skemmdi nú að fá þá lýsingu, hér í CQ TF (innsk. ritstjóri))


Til sölu

Hef til sölu Yaesu FT7. Til greina koma skipti á 2. metra bílstöð.

nánari upplýsingar gefur Halldór TF3GC


Sloping-Vee

Sloping Vee er eitt af þessum gleymdu loftnetum sem fyrr á öldinni reyndust afburða vel en hurfu af sjónarsviðinu. Skyldleiki þess við rombic loftnet er mikill og má segja að það líkist einna helst hálfu slíku neti. Kostir Sloping-vee fyrir amatöra eru þeir helstir að það er breiðbands (5 - 1, 10 1 eða meira), einfalt í uppsetningu og meðfærilegt í flutningi. Undirritaður starfaði í fjölda ára sem fjarskiptamaður fyrir landsambönd hjálparveita og þar voru loftnetsmál fyrir HF tíðni stöðugt í brennideplinum. Vinsælasta netið var inverted-vee þar sem það þurfti ekki flókið burðarvirki til að koma því upp, aðeins eina stöng. Einn ókost hafði þetta net, reyndar eins og flest loftnet, það var bandþröngt og varð sífellt að lengja og stytta það ef skipt var um tíðni. Tilraunir með allskonar loftnet á tíðnisviðinu 3 til 7 MHz og reglulegar fjarskiptaæfingar í 24 tíma samfleitt, við öll veðurskilyrði, á öllum árstímum sýndi mönnum fram á að gott loftnet gat skipt sköpum. Í september 1992 rakst undirritaður á grein í Electronics Now sem fjallaði um sloping-vee og eftir leit og lestur um þetta net í gömlum bókum frá því um og eftir stríð, (svo til ekkert er um þetta net í amatörbókum) var hafist handa við prófanir. Til að hafa möguleika á að nýta efnið úr netinu ef árangurinn yrði neikvæður, voru allar lengdir miðaðar við að hægt væri að nota það í inverted-vee. Til að gera langa sögu stutta er nóg að segja að sloping-vee netið sló öllum öðrum gerðum lofneta út sem prófaðar höfðu verið á flestum sviðum.




Eins og sjá má af grunnmyndinni hér fyrir ofan þarf aðeins eina súlu til að halda netinu (fæði-punkti) uppi. Lengd hennar þ.e. H er ekki krítísk og má vera frá 6 til 8 metrar. Opnunarhornið á milli loftnetsleggjanna reyndist koma best út á bilinu 90 til 120° og hefur áhrif á standbylgjuna (SWR) sem þó fór hvergi yfir 2:1 á tíðnisviðinu 2 til 30 MHz. Endaviðnámni tvö eru hvort um sig helmingur af

samviðnámi netsins sem getur verið frá 750 til 950 ohm við 100° opnunarhorn, viðnámið lækkar við hækkandi tíðni. Ógerlegt er að fá viðnám sem þola eitthvert afl og eru ekki spanleg að ein-




hverju leiti, svo þrautalendingin var að nota fjögur 1 Watta 1,8 K carbon-film viðnám í hliðtengingu fyrir hvorn legg. Viðnámin eiga að eyða endurkaststraumnum og þar með standbylgjum á netinu og þurfa því að þola nokkuð afl samkvæmt fræðunum. Þessi uppsetning hefur reynst vel við 100 W pep á öllum HF böndum án þess að viðnámin hafi hitnað að ráði. Til að hýsa og vatnsverja viðnámin var þeim komið fyrir í 32 mm rafmagnsröri 10 sm á lengd og lokuðu með plasttöppum eins og notaðir eru undir borðfætur.





Tengingar við viðnámin er t.d. hægt að útfæra með 4 mm bolta gegnum plasttappan og nota vængjarær að utan til að tengja loftnet og jarðvíra. Augaboltarnir gegna því hlutverki að taka álagið af tengipunktunum með því að í annan er fest um 2m löng nælonsnúra sem fest er við jarðhæl en hin tengist loftnetsvírnum með S líkkju og tekin bukt í tengipunkt. Ef fæða á netið með 50 ohma coax verður að útbúa balun með hlutfallinu 14:1 til 18:1. Balun má búa til á nokkra vegu en sú aðferð sem notuð er hér var að nota 6 stk. FT50-43 ferrite hringi og vinda 2 vafninga í forvaf og 8 vafninga í eftirvaf. Með þessari gerð af balun var hægt að nota samskonar hús utan um hann og fyrir viðnámin. Augaboltarnir eru hafðir þrír, tveir fyrir loftnetsvírana og einn fyrir upphengi. Tengipólarnir eru teknir út úr rörinu sjálfu og sama aðferð notuð við tengingu og á viðnámshólkunum. Annar plasttappinn er boraður fyrir passandi coax-tengi, annaðhvort BNC eða UHF.

Eins og áður sagði voru lengdir loftnetsvíranna miðaðar við að hægt væri að nota þá í inverted-vee fyrir lægstu HF tíðni sem björgunarsveitir nota þ.e. 2790 kHz og afgangurinn af 100 m 1# vírrúllu var

800-900 ohm 8 vafningar



notaður óstyttur sem jarðvír. Ekki er þörf á að grafa eða reka niður jarðskaut fyrir sloping-vee. Það er nóg að leggja jarðvírinn óreglulega á milli viðnámana.



Útlitsmynd með lengdum, séð inn í opunarhorn.

Netið er stefnuvirkt og hefur lágt útgeislunarhorn. Stefnuvirknin er ekki mjög afgerandi á lægri tíðnunum hér innanlands. Einn kost hefur þetta net í móttöku sem vert er að nefna, en það er svo til suðfrítt. QRN og einnig nálægt QRM er áberandi minna en á t.d. inverted-vee sem var notað sem samanburðarnet við fyrstu prófanir. Lítið mál er að breyta sloping-vee í inverted-vee, en nota áfram viðnámsbólkana sem einangrara og styttingartól, því á þá má vefja loftnetsvírinn ef stytta þarf netið. Engin þörf er að nota Balun fyrir inv.-v en ef það er gert er hann hafður 1:1. Net þetta hefur verið notað í björgunarsveita-, radíóamatör- og radíóskátastarfi. Sem dæmi má nefna JOTA undanfarin ár, Landsmót skáta og ýmis smærri mót. Þeir sem hafa prófað þetta net eru m.a. TF3HP og TF3GB.

73 de TF3HKT

Fréttir af Búra

Eins og allir vita var endurvarpinn Búri settur upp á Búrfelli fyrir um ári síðan. Eftir það hefur gengið á ýmsu með að komast í gegnum hann vegna truflana og annara hluta. Í júní síðastliðnum fóru við TF3LJ upp á Búrfell og skoðuðum tækið. Ekkert athuga-vert kom í ljós, sami næmleiki og verið hafði við uppsetningu einnig var ekki hægt að sjá neitt athuga-vert við síurnar, hvorki vanstillingu né óeðlilega deyfingu. Skoðað var bæði fyrir og eftir síu og gaf það sömu útkomu. Allt tíðnispektrúmið í kringum endurvarpstíðnirnar var skoðað með spectrum analyser og þau merki sem sáust voru -68 - -80db að styrkleika sem er langt fyrir neðan heyranleg RF merki.

Við tókum eftir því að loftnetið hafði verið sett upp á suðaustur horn mastursins (eða þar um bil), æskilegt hefði verið að setja loftnetið á norðvestur hornið til að fá betri virkni til vesturs og inn á hálendið og hafa verið gerðar ráðstafanir til að það verði flutt.

Það hefur komið í ljós að við vissar aðstæður kemur NMT farsími með endurvarpanum en það orsakast af blöndu á milli tíðna sem eru samtímis í loftinu og mynda tíðnir sem geta verið út um allt og ef svo óheppilega vill til verið tíðni sem er í notkun annars staðar. Þetta lýsir sér á þann hátt að sú tíðni sem er sterkust, í þessu tilfalli NMT farsímarás, heyrir til dæmis út í gegnum endurvarpanum. Þó svo að það sé mjög góð bandpass sía á endurvarpanum ræður hún ekki við að útiloka þetta vandamál.

Við athugun hjá Fjarskiptaeftirlitinu geta tvær blandanir átt sér stað, það er að segja, þegar þessar þrjár tíðnir eru í loftinu samtímis í hvoru tilfalli: $2X463,325 - 2X463,625 + 145,700 = 145,100$ Mhz og $2X463,550 - 2X463,850 + 145,700 = 145,100$ MHz. Þegar þetta ástand skapast nær endurvarpinn að hanga inni á meðan annað hvort settið af NMT rásunum er í loftinu þar sem hann helst lyklaður inni. Þetta mál er í athugun þessa dagana og vonandi finnst einhver lausn á því innan tíðar.

Oft hafa tropo skilyrði skapast á leiðinni Reykjavík Búrfell sem ekkert er hægt að ráða við auk þess sem vegalengdin er komin á ystu mörk.

73 de TF3GW

Með skýjavír að vopni

Mörgum er kunn sú áráttá mín að hefja endafædd hálfbylgjulofnet til skýjanna í venjulegri merkingu þeirra orða, en s.l. vetur hefur bókstafleg merking átt betur við. Ég hef oftar en tölu á festir haft uppi flugdreka með hálfbylgju, ýmist fyrir 80 m eða 160 m og náð ágætum árangri. Stöðvar í nálægum löndum telja bót umfram 100 m lárétta vírinn í 8 m hæð um 2 S-stig á 80 m og vísast munar meiru þá sjaldan gefur fyrir “alvöru DX”. 2 S-stig jafngilda því að 100 W sendirinn sem ég nota breytist í 1600 W! Verða nú nefnd dæmi um árangur, allt fór fram á CW.

25.nóv. 01:16 - 02:29 1836 kHz: Fyrst stundarfjórðungsspjall við góðvin **Jack R1FJL** (áður **4K2MAL**) á Frans Jósefslandi um mismun 80 m skilyrða á FJL og TF. Honum gengur illa til USA en moka upp JA, öfugt við hér. Ákveðum að reyna saman við JA á 80 m að morgni. Svo hellast yfir 35 QSO, þar af 32 við USA, mörg inn í mitt land eins og Colorado og suður til Flórída.

08:33 - 08:50 3502 kHz: Ekki heyrast í Jack og band dauft. Fæ: **VE3UOL**, **NA7R** (vestur í Wyoming), **F6GNP**, **ON5GK**, **G3HTA** og **JW5NM** á Svalbarða sem skóflar inn Japan án þess að nokkuð heyrast hér nema einstaka ólæsilegt tíst. Klukkann nú er hann eina merkið sem hér heyrast á bandinu.

09:33 - 11:45 3505 kHz: TF3TF (599+15db) sem ætlar að hjálpa mér að hlusta og nú glæðist vestur um með sólarupprás kl.10:26, eins og gjarnan gerist dimmstu mánuði ársins. QSO við 24 USA stöðvar, einkum nálægt austurströndinni, auk þess Dóminíkanska lýðveldið **HI8/N2CQR** (09:44), Bresku jómfrúreyjar **VP2VI** (10:06) og Bahama **C6AHX** (11:05). Aftala sked við VP2VI kl. 01:00 á 160 m. Frá því rétt fyrir 11 og þar til ég hætti að hlusta rúmlega 12 heyrðist Hong Kong **VR2/WX3N** vel læsilegur. Hann kallaði CQ NA og hlustaði “upp” en náði ekki mörgum samböndum, ekki heldur kalli frá mér.

26.nóv: Klukkan 00:00 byrjaði CQWW keppnin á CW. Strekkingsvindur var og fór versnandi en ég afréð samt að setja upp drekan með 80 m vír fyrir 160 m, einkum með “skeddið” við VP2VI í huga. **00:15 - 01:30 1835 og 1840 kHz:** Gat haft eins

mikið að gera og ég vildi, tók 44 QSO nokkuð jöfnum höndum frá Evrópu og USA, enginn sérstakur DX og ég heyrði aldrei í VP2VI. Klukkan 01:30 var komið hífandi rok, einn teinninn í flugdrekanum rakst í gegn og drekin hrapaði.

2.jan. 00:35 - 00:50 3506 kHz: Hafði QSO við 7 Evrópustöðvar og ákvað svo að hlusta dálítið. Bandið var óvenju hljóðlát, engar rafmagnstruflanir og vísir S-mælis rétt lyftist einstöku sinnum á gufuhvolfssnarki (QRN). Samt heyrði ég ekkert í UA0AZ Í Asíu, sem Clive GM3POI á Orkneyjum gaf 599! Við Clive höfum stundum spjallað um áhrif norðurljósabeltisins á skilyrðin. Ég segist öfunda hann hvað hann heyrir miklu betur þarna fyrir sunnan, hann segist öfunda Skotana af sömu ástæðu sem aftur öfundi Englendingana!

01:31 - 02:27 um 3510 kHz: Chagos VQ9QM (01:31), Orkneyjar GM3POI (01:35), fyrstu QSO mín við Kaliforníu á 80 m, AD6C (02:17) og N6DX (02:19) auk 13 stöðva í USA og Evrópu. Set svo lengri vír í flugdrekan og QSY á 160 m.

03:35 - 04:24 1833 kHz: Fékk um leið á mig kraðak og hafði 37 QSO. Evrópa var miklu sterkust svo samböndin við USA urðu talsvert færri þó ég heyrði stöðugt í þeim á bak við. Fékk mitt fyrsta 160 m QSO við Alaska, **KL7RA** (03:50) sem gaf 589 í skiptum fyrir 569. Þegar QSL kom frá AD6C vegna 80 m sambandsins að ofan, gat hann þess að í nokkrar mínútur hefði 160 m merkið frá mér verið 569 í Kaliforníu.

15.jan. 3.5 MHz: Þessa helgi var japönsk “Low Band Contest” í gangi á 40 m, 80 m og 160 m, tilvalin til að reyna enn og aftur við JA á 80 m. Setti upp flugdrekan og var byrjaður að hlusta kl. 10 en sólarupprás ekki fyrr en 10:55. Næstu 2 tíma eða rúmlega það heyrðust hér örfáar JA stöðvar. Þó rafmagnstruflun væri nær engin hér fram til kl. 11 gátu aðeins 3 talist læsilegar, JA0FZI, JH4UHW og JJ3YBB. Sá síðastnefndi lang bestur (mest 529) og heyrðist hátt í 3 klst. Þeir kölluðu CQ langtímum saman án þess að fá QSO, en heyrðu samt ekkert til mín á flugdrekanum. Með stuttu millibili sitt hvoru megin við sólarupprás rakst ég hins vegar á 2 stöðvar í Hong Kong og náði

auðveldlega, báðar gáfu 569 að fyrra bragði, **VS6BG** (10:52 3503 kHz) og **VS6WV** (11:12 3506 kHz). Við sólarupprás hér voru liðnir þrír tímar frá sölsetri í Japan, en um einn og hálfur í Hong Kong. Eins ber að geta að stefnan til Japan er 15° en 40° til Hong kong, ekki eins mikið inn í norðurljósa-beltið.

27. - 29. jan. CQ 160 m keppnin: TF3T (TF3SG) hefur af og til s.l. 30 ár gert athyglisverðar tilraunir með loftbelgi til að halda uppi loftnetum. Nú fór ég að dæmi hans og hafði belg og helíum tiltækt. Þegar keppnin byrjaði kl. 22 á föstudag voru vindhviður með logni á milli. Mér fannst óráðlegt að reyna belginn meðan ekki var ljóst hvort yrði ofan á, enda ekki viss um að hafa nóg helíum til að endurtaka tilraunina ef illa færi.

Ég dólaði því fram eftir nóttu við að tína upp sterkustu stöðvarnar í Evrópu á lárétta 100 m vírinn. Á 3 klst hafði ég aðeins 27 QSO. Um tvöleytið varð vindurinn stöðugri og ég setti upp drekan sem lengst af hékk í lítilli hæð yfir langa vírnum. Svo nærri voru loftnetin hvort öðru, að neonpera á enda langa vírsins inni lýsti skært þegar ég sendi á drekan. Auðvitað var þá lítill munur á hvort netið ég notaði.

Í kringum 02:50 gerði góða hviðu sem lyfti drekanum hátt upp og þá stóð ekki á árangri; **4X4NJ**, **4X4DK** (Ísrael) og **A71CW** (Qatar) kölluðu í einum rykk. Drekin seig fljótt aftur og þegar hann settist í nálægum garði rétt fyrir kl. 4 hafði hann aðeins bætt 16 QSO um við. Kl. 04:35 hafði ég **9A1A** á langa vírinn og fór svo að sofa.

Daginn eftir, laugardag, var hið besta veður. Þegar rökkvaði setti ég loftbelginn upp með dyggri aðstoð XYL. Það var einkar viðeigandi að fyrsta samband mitt með loftbelg var við **TF3T** sjálfan kl. 17:19. Bandið var að opnast til Evrópu og nú hitnaði í kolunum, feikna kraðak lagðist á mig og þegar best lét hafði ég 2 - 3 QSO á hverri mínútu. Það takamarkaðist bara af getu minni til að lesa kallmerkin í sundur og er ekki vafi á að vanur maður hefði gert betur.

Meðan á þessu stóð kom lögreglan á vettvang og varð Guðrún að halda uppi vörnum. Verðir laganna sögðust vera kanna málið fyrir flugstjórn. Einhvers

staðar er sambandsleysi í kerfinu, því mitt fyrsta verk eftir að belgurinn fór upp var að tilkynna stað og hæð (80 m) til flugturnsins, og taldi viðmælandi minn að engin vandræði ættu að stafa af.

Ég tók mér matarhlé og reyndi stundum að brjótast undan Evrópu og hlusta eftir DX stöðvum. Stærstu kanónurnar í USA heyrðust, en þrengslin á þessu litla bandi voru slík að alltaf voru miklu sterkari Evrópustöðvar á sömu tíðni og ég náði aðeins í **WW2Y** kl. 00:56. Ég fór svo að sofa í von um að skilyrði glæddust vestur um er liði á nóttina. Sú varð ekki raunin á þegar ég byrjaði aftur klukkan fjögur. VP9AD (Bermuda) heyrði mig og reyndi mikið að ná kallmerkinu, en varð að gefast upp þegar hann var kominn með TF3??.

Klukkan sjö var orðið allhvasst og belgurinn dansaði trylltan dans, fór stundum í limbó niður undir jörð, en fyrstu 8 klukkutímana hafði hann haldið loftnetinu þráðbeint upp í loftið. Ég kom honum í skýli, fékk mér morgunte og las blöðin.

Á þessum árstíma opnast 80 m gjarnan vestur um haf við sólarupprás hér og endist í allt að 2 klst. Ég vonaði að slíkt gæti hent á 160 m líka og fór aftur á stjá með flugdrekann um 12.

Vissulega styrktust þessi fáu merki að vestan, en ekki heyrðu þeir í mér nema **VE1PZ** og **AB4RU** með herkjum. W2GD sló upp í 10 db yfir S9, en kom bara til baka með endalaust CQ þó ég hamaðist við að svara.

Stöðvar sem ég heyrði en ekki öfugt voru: KP2A, KZ3H/KP2, W2GD, KX4R, WT3Q, WS1E, NK7U, K5ZD, KN8Z, WX0B, K3WW, VE3EJ, og VA2AM, sumar reyndar fyrr um nóttina. Nokkrar þeirra hef ég haft ágætt samband við áður með flugdrekann, svo ljóst er að skilyrðin vestur um haf voru alls ekki með besta móti í keppninni. Ég var ánægður með 2 sambönd við Alaska, **KL7RA** (laugard. 18:45) og **KL7Y** (sunnud. 05:53). Kl. 09:23 kom VP9AD upp, náði mér nú og kættist vel. Það var síðasta sambandið.

Þegar upp var staðið reyndust 301 gild sambönd á skrá, 1 við TF, 3 við Asíu, 9 við Norðurameríku og 288 við Evrópu, alls við 47 DXCC lönd. Keppnisforritið CT reiknaði út að ég hefði verið að í átta og hálfra klukkustund.

Í kraðaki á 80 m: Ég hef stundum haft tækifæri til að hlaupa út og snara upp flugdrekanum þegar ég hef árangurslaust reynt að brjótast í gegnum kraðak ("pælöpp") á DX stöð með langa vírnum. Gott dæmi um það var **A71CW** undirlagður af köllum frá Evrópu 21. febrúar á 3501 kHz. Eftir töluverðan barning á LW setti ég upp drekan og náði strax, Chris þakkaði fyrir 160 m sambandið í keppninni og skömmu síðar hafði hann sent mér QSL kort beint fyrir bæði böndin, áður höfðum skipst á kortum fyrir 20 m QSO.

Viðtaka: Loks má geta þess að langsamlega oftast les ég mun betur á lárétta langa vírinn en á hálfbylgju upp í loftið, þó merkin séu daufari. Þar munar öllu hve rafmagnssuð og gufuhvolffsskarkali kemur miklu sterkar inn á lóðréttan vír en láréttan. Jafnvel fjarlægur DX heyrir betur á lárétta vírinn. Ef umhverfið er óvenju hljóðlást getur þó stöku sinnum heyrir betur á flugdrekanum. Eg minnst samt ekki annars en að DX sem þannig heyrir hafi alltaf verið merkjanlegur á langa vírinn, og held því að ástæðan fyrir daufri eða engri móttöku hér þegar nálægt lönd moka upp Japan á 80 m liggi ekki í lélegum móttökulofnetum hjá okkur fyrst og fremst, heldur óheppilegri afstöðu norðurljósabeltisins.

Með einum rofa get ég valið milli loftneta og líka látið RX/TX skiptingu sendiviðtækis skipta sjálfkrafa milli sendi- og viðtökulofnets. Hvort um sig er aðlagð í 50 ohm svo tafarlaus samanburður er auðveldur.

Það hefur komið mér á óvart hversu oft hefur viðrað nægilega vel fyrir flugdrekanum, og ef ég kæmi mér upp aðlögunartæki sem gæti alltaf verið tilbúið úti í garði í þessum tilgangi er ekki lengi gert að slaka út flugdrekanum og jafnvel mætti búa í haginn fyrir vírrúlluna líka.

(mars '95, TF3DX)

Það skal tekið fram að þessi grein átti að birtast í CQTF árið 1995. Mér finnst að efni hennar eigi ekki síður erindi til okkar nú fremur en þá.

(Ritstj. TF5BW)

Amatör Internet slóðir

Öðru hvoru rekast menn á síður á Internetinu sem tengdar eru amatörradíói. Þó að viðkomandi hafi kanski ekki áhuga fyrir innihaldinu sjálfur þá getur verið að aðrir félagar okkar hafi það. Því ekki að senda slóðina, í E-Mail, til ritstjóra (tf5bw@nett.is) ásamt smá lýsingu á því hvað er á síðunni þannig að hægt sé að birta þær í næsta CQ TF.

Hér á eftir koma nokkrar.

<http://www.clinet.fi/~jukka/webcluster.html>

Á þessari síðu eru allskonar DX upplýsingar. Síðan er uppfærð á nokkra mínútna fresti þannig að upplýsingarnar eru alltaf ferskar.

<http://www.connix.com/~wzlv/ham-www.html>

Á þessari síðu eru hundruðir linka vítt og breitt um amatör heiminn.

<http://www.rac.ca/intersoc.htm>

Á þessari síðu eru linkar til flestra landsfélaga amatöra sem eru á netinu þar á meðal Í.R.A.

<http://www-dx.deis.unibo.it/htdx/>

Á þessari síðu eru allskonar DX upplýsingar, DX Bulletin og fréttir.

<http://www.qrz.com/cgi-bin/webcall>

http://www.buck.com/cgi-bin/do_hamcall

<http://www.ualr.edu/~hamradio/callsign.html>

Á þessum síðum eru kallbækur sem hægt er að leita í vanti manni hemilíföng. Tvær þær fyrri eru alþjóðlegar en sú síðasta er aðeins fyrir Bandarísk kallmerki.

http://www.systemtechnik.tu-ilmenau.de/ham/qsldb_gate.html

Á þessari síðu er hægt að finna allskonar QSL upplýsingar svo sem QSL managera og heimilíföng


<http://www.arrl.org/awards/dxcc/>

Á þessari síðu er að finna allt um DXCC Awardið. Þar með talið umsóknar eyðublöð, landalista og nýjustu breytingar.

<http://user.itl.net/~equinox/>

Á þessari síðu er hafsjór af upplýsingum fyrir amatöra og svo fátt eitt sé nefnt þá er þarna EME, MS, IOTA, SSTV, ATV, Packet, Beacon News, VHF News, HF News, DX Cluster, Beacon lists, WWV, Satellite News, SWL information, osfrv.

Úr ýsmum áttum



Hamingju óskir

Á fimmtudaginn 25. ágúst fór Guðlaugur Jónsson TF8GXT í A-próf og að prófi loknu gekk hann út sem TF8GX. CQ TF óskar Guðlaugi til hamingju með árangurinn.

DXCC Honor Roll

Á nýjasta DXCC Honor Roll listanum er að finna eina TF stöð en það er TF3SV Ingi Sveinsson. Af 329 núverandi DXCC löndum hefur hann unnið 325 og ef talin eru með "Deleted" lönd þá er heildar landafjöldinn 349. CQ TF óskar Inga til hamingju með árangurinn.

(Heimild QST)

50 Mhz opnun

Þann 12 var opnun á 6m milli K1 1300 til 1500. Skilyrðin voru þokkalega góð þrátt fyrir mikið QSB og QRN. Eftir þessa törn voru 48 QSO færslur í loggnum hjá mér, aðalega við stöðvar á Bretlands-eyjum, (G, GM, GW og GI) einnig voru nokkrar PA og ON stöðvar.

(Heimild TF3VET)

Amatörradíó 100 ára

Á næsta ári mun hið vísindalega áhugamál amatörradíó hafa verið í gangi í 100 ár. Fyrsta raunverulega amatör stöðin var sett upp í London 1898, þegar Lt MJC Dennis setti upp tilraunastöð í Woolwich vopnabúrinu. Mörgum árum seinna lýsti hann þessum tilraunum sínum í RSGB Bulletin þar sem hann sagði að þetta hefði verið fyrsta áhugamanna stöðin sem sett hefði verið upp. Þessu hefur ekki verið mómælt ennþá..

(Heimild RadCom)

Nokkrir contestar á næstunni

06/09-07/09 All Asian DX SSB Contest
 13/09-14/09 European HF SSB Championship Contest
 20/09-27/09 ZK1nc: Penrhyn Atoll (OC-082)305
 20/09-21/09 Scandinavian activity CW Contest
 27/09-28/09 CQ WW DX RTTY Contest
 27/09-28/09 Scandinavian activity SSB Contest
 04/10-05/10 Ibero American SSB Contest
 04/10-05/10 VK/ZL SSB Contest
 11/10-12/10 VK/ZL CW Contest
 25/10-26/10 CQ WW DX SSB Contest
 07/11-09/11 Japan Internat. HF DX SSB Contest (Heimild TF3HP)

50 Mhz

Í VHF UHF News dálkinum í ágúst hefti RadCom undir "Band Reports" rakst ég á eftirfarandi, sem mér fannst áhugavert eftir að hafa lesið grein TF3HP "Frá formanni" um starfrækslu útlendinga á 6 metrum hér á landi. Hér er lausleg þýðing.

Fyrst áminning um að 50 Mhz er hreint alls ekki "CEPT Tíðni" í Evrópu sem þýðir að venjulegar gagnkvæmis leyfis samþykktir eiga ekki við. GJ4ICD segir eftir EA7KW að t.d. á Spáni og þeim löndum sem Spánn ræður megi aðeins Spænskir amatörar vera á 6 metrum og alls ekki gestir. Óleyfileg starfræksla hefur einnig heyrst frá Frakklandi þar sem leyfilegt tíðnisvið byrjar við 50.200. Gæti eitthvað þessu líkt átt við hjá okkur og að útlendingar verði að sækja sérstaklega um leyfi á 6 metrum eða jafnvel að þeir hafi einfaldlega ekki leyfi til þess að vera á 6 metrum hér?

73 de TF5BW (Heimild RadCom)

Hvar eru allir áhugasömu og smíðaglöðu radióamatörarnir?

Í bílskúrnun hans TF3KET bíður mikið efni í t.d. spennugjafa í einföldum 110 V einingum sem má sérútengja fyrir 220 V, með útgangsspennur +- 12 V og 5V. Hver eining er fullkominn spennugjafi sem tekur lítið pláss en er nægilegur fyrir t.d. handstöð eða með samtengingu fleirri eininga fyrir orkufrekari tæki. Einnig eru þar efni í tækjakassa af mismunandi gerðun og fl. Hafið samband sem fyrst því 1. Des. verður hreinsað til í skúrnum og öllu hent.

Radíóskátar.

Þekkir einhver þessa menn



Á þessari mynd, sem er í eigu ÍRA, eru, eins og sjá má, fjórir menn. Talið er að sá sem lengst er til vinstri sé TF3SF Sigurður Finnbogason en ekki er vitað hverjir hinir eru. Það eru vinsamleg tilmæli frá formanni og ritstjóra að þeir sem telja sig vita eitthvað um hverjir þetta séu hafi, með einhverjum hætti, samband við annan hvorn okkar.



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU